

## Mannfjöldaþróun 2010

*Population development 2010*

### Samantekt

Hinn 1. janúar 2011 var íbúafjöldi á Íslandi 318.452. Íbúum landsins hafði þá fjölgæð um 0,3% frá sama tíma ári áður eða um 822 einstaklinga. Á árinu fæddust 4.907 börn en 2.017 manns léstuð á árinu. Fæddir umfram dána voru því 2.890. Á árinu 2010 fluttu 7.759 einstaklingar til útlanda en 5.625 fluttu til landsins. Brottfluttir umfram aðflutta voru því 2.134.

Hinn 1. janúar 2011 áttu 42.230 einstaklingar (13,3% landsmanna) annað foreldri eða báða foreldra af erlendu bergi. Af þeim áttu 28.275 einstaklingar báða foreldra af erlendu bergi, en þeim hópi tilheyra innflytjendur og önnur kynslóð innflytjenda. Samtals voru innflytjendur og önnur kynslóð innflytjenda 8,9% landsmanna í ársbyrjun 2011.

Alls voru 76 sveitarfélög á Íslandi hinn 1. janúar 2011 og hafði fækkað um eitt á árinu 2010. Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík með 118.898 íbúa. Fámmennasta sveitarfélagið var hins vegar Árneshreppur á Ströndum þar sem bjuggu 52 íbúar. Á árinu 2010 fækkaði fólk i 45 sveitarfélögum og á fimm landsvæðum af átta.

Hinn 1. janúar 2011 voru 98 byggðakjarnar með 50 íbúa eða fleiri. Alls bjuggu 301.977 einstaklingar í þessum byggðakjörnum, eða 94,8% landsmanna. Íbúum fækkaði hins vegar á árinu í 56 af þessum 98 byggðakjörnum. Í þéttbýli, þ.e. þar sem íbúar voru 200 eða fleiri, bjuggu 93,6% íbúanna. Það sem af er öldinni hefur þróun landsins til aukins þéttbýlis haldið áfram, en árið 2001 bjuggu 92,3% íbúanna á þéttbýlisstöðum með 200 eða fleiri íbúum.

### Breytingar á mannfjölda

Mannfjöldi hinn 1. janúar 2011 var 318.452. Íbúatala landsins hækkaði um 822 frá 1. janúar 2010 eða um 0,3%. Alls voru 160.006 karlar og 158.446 konur búsettar á Íslandi 1. janúar 2011. Körnum fjölgæði um 70 á árinu 2010 en konum um 752.

Undanfarinn áratug hefur búsetuþróun á Íslandi verið með nokkuð sérstökum hætti. Mikill vöxtur hljóp í íbúafjöldann árin 2005–2007 þegar árleg fjölgun fór yfir 2%. Íbúatala landsins náði hámarki 1. janúar 2009 þegar hér voru skráðir 319.368 einstaklingar til heimilis. Alls hefur því fækkað um 916 manns á árunum 2009 og 2010.

### Fólksflutningar

Sveiflur í mannfjöldatölum skýrast fyrst og fremst af tölu um búferlaflutninga til og frá landinu. Á árinu 2010 fluttust 2.134 brott af landinu umfram aðflutta. Aðfluttir voru 5.625, en brottfluttir 7.759. Flutningsjöfnuðurinn var eigi að síður mun hagstæðari árið 2010 en árið áður þegar 4.835 manns fluttust brott umfram aðflutta.



Mikill munur var á kynjum í búferlaflutningum milli landa. Árið 2010 fluttust 1.428 karlar af landi brott umfram aðflutta, en 706 konur umfram aðfluttar. Þá var einnig mikill munur á flutningum íslenskra og erlendra ríkisborgara. Árið 2010 fluttust 1.703 íslenskir ríkisborgarar til útlanda umfram aðflutta, en 431 erlendir ríkisborgari.

Á fyrsta áratug 21. aldarinnar var flutningsjöfnuður jákvæður í sex ár af 10. Árin 2002–2003 og 2009–2010 var flutningsjöfnuður neikvæður. Allan áratuginn fluttust 9.512 einstaklingar til landsins umfram brottflutta, þar af 5.123 karlar og 4.389 konur. Þetta eru mikil umskipti frá áratugnum þar á undan þegar flutningsjöfnuðurinn var jákvæður um 1.713 manns.

*Fæddir* Alls fæddust 4.907 börn á árinu, þar af 2.523 drengir og 2.384 stúlkur. Þetta eru nokkuð færri börn en á árinu 2009 sem var metár, en þá fæddust 5.026 börn.

Fæðingartölur þessar á árinu 2010 jafngilda því að hver kona fæði 2,197 börn á ævi sinni. Jafnan er miðað við að þetta hlutfall þurfi að vera rúmlega 2 börn, þ.e. að minnsta kosti ein stúlka, til þess að þjóðinni fjölgji miðað við óbreytta dánartíðni og jafnvægi í flutningsjöfnuði.

*Dánir* Á árinu 2010 léttust 2.017 manns sem búsettir voru á Íslandi, 1.063 karlar og 954 konur. Dánartíðni á hverja 1.000 íbúa var 6,3 dánir árið 2010 og hefur verið 6,1 til 6,3 prómill allan áratuginn.

Árið 2010 gátu nýfæddir drengir búist við því að verða 79,5 ára en stúlkur 83,5 ára. Árin 2001–2005 gátu drengir búist við að verða 78,9 ára, en 79,4 þegar meðaltal áranna 2006–2010 er skoðað. Árin 2001–2005 var meðalævilengd stúlkna við fæðingu 82,8 ár en var komin í 83,1 ár þegar litið er til síðustu fimm ára.

*Erlendir ríkisborgarar* Hinn 1. janúar 2011 voru 21.143 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, eða 6,6% af mannfjöldanum. Flestir erlendir ríkisborgarar voru 1. janúar 2009 þegar þeir voru 7,6% mannfjöldans.

*Fæddir erlendis* Alls voru 34.709 fæddir erlendis, eða 10,9% mannfjöldans. Af þeim voru 17.089 karlar og 17.620 konur. Árið 2010 voru 35.121 fæddur erlendis, en flestir voru þeir 1. janúar 2009 þegar 37.562 mannfjöldans voru fæddir utanlands eða 11,8%.

*Innflytjendur* Tölur um erlent ríkisfang og/eða fæðingarland segja ekki alla söguna um erlenden uppruna landsmanna. Margir af íslensku bergi brotnir hafa fæðst erlendis og margir útlendingar koma til langdvalar á Íslandi og öðlast íslenskan ríkisborgarárétt. Því hefur Hagstofan, að fyrirmund systurstofnana sinna á Norðurlöndum, birt tölur um fjölda innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn.

Hinn 1. janúar 2011 voru 25.693 innflytjendur á Íslandi eða 8,1% mannfjöldans. Það er fækken frá 1. janúar 2010, þegar innflytjendur voru 8,2% landsmanna og 26.171 alls. Nokkuð hefur fjölgæð í annarri kynslóð innflytjenda á milli áranna 2010 og 2011 eða úr 2.254 í 2.582. Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 8,9% af mannfjöldanum hinn 1. janúar 2011, sem er það sama og hún var árið áður. Einstaklingum með erlendan bakgrunn, öðrum en innflytjendum, fjölgæði lítillega frá 2010 til ársins 2011, úr 6% í 6,1% mannfjöldans.

**Kynjahlutfall jafnast**

Hinn 1. janúar 2011 voru 1.010 karlar á landinu á móti hverjum 1.000 konum, samanborið við 1.014 karla á 1.000 konur ári áður. Fram til ársins 2004 voru konur jafnan í meirihluta þeirra sem fluttust til landsins. Einkum átti það þó við aðflutta erlenda ríkisborgara. Árið 2004 snerist þetta við og mikill aðflutningur karlmannna, aðallega með erlent ríkisfang og á aldrinum 30–49 ára, olli því að í ársbyrjun 2008 bjuggu á Íslandi 1.041 karl á móti hverjum 1.000 konum.

Aðflutningur til landsins er enn bundinn að meirihluta við karla. Það er því mikill og hraður brottflutningur þeirra allt frá árinu 2007 sem hefur valdið jöfnun kynjahlutfallsins. Á árinu 2010 voru í aðflutningum 1.115 karlar á móti hverjum 1.000 konum, en 1.305 karlar í brottflutningum fyrir hverjar 1.000 konur.

**Íbúaþróun á einstaka landsvæðum**

Árið 2010 fjölgæði íbúum á höfuðborgarsvæðinu um 1.434 og Norðurlandi eystra um 106. Auk þess fjölgæði á Vesturlandi um níu manns. Umtalsverð mannfækkun var á öðrum landsvæðum, nema á Norðurlandi vestra þar sem fækkaði um einn. Á Suðurnesjum fækkaði um 271, á Vestfjörðum um 225, á Austurlandi um 153 og 77 á Suðurlandi. Hlutfallslega varð mannfækkun mest á Vestfjörðum, en þar dróst mannfjöldi saman um 3,1%.

**Fólksfjöldaþróun síðustu fimm ára**

Þegar litið er til síðustu fimm ára blasir nokkuð önnur mynd við. Þá fjölgæði landsmönnum að meðaltali um 1,2% á ári. Suðurnes voru á tímabilinu töluvert fyrir ofan landsmeðaltal með 3,3% árlega fjölgun. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgæði rétt ofan við landsmeðaltal, 1,5% á ári að meðaltali, en á Suðurlandi fjölgæði um 1,2% á ári. Árleg fjölgun á Vesturlandi síðustu fimm ár var undir landsmeðaltali, eða 0,7%, en á Norðurlandi eystra hefur hún aðeins verið um 0,4%. Undanfarin fimm ár, frá ársbyrjun 2006 hefur hins vegar fækkað á Vestfjörðum sem nemur 1,1% árlegri fækku, á Austurlandi sem nemur 2,1% árlegri fækku og á Norðurlandi vestra sem nemur 0,3% árlegri fækku.

**Íbúaþróun í sveitarfélögum**

Sveitarfélög á Íslandi voru alls 76 hinn 1. janúar 2011 og fækkaði um eitt frá árinu áður. Þau eru misfjölmenn. Reykjavíkurborg var fjölmennasta sveitarfélagið með 118.898 íbúa en Árneshreppur á Ströndum var fámennast með 52 íbúa. Alls hafa 26 sveitarfélög færri en 500 íbúa, en í aðeins níu sveitarfélögum búa 5.000 íbúar eða fleiri (sjá töflu 1).

**Stærstu sveitarfélögin standa í stað**

Á árinu 2010 fækkaði íbúum í 45 af 76 sveitarfélögum landsins. Í 26 minnstu sveitarfélögum fækkaði í 16 en fjölgæði í 10. Alls fækkaði fólk i þeim um 100 manns. Hlutfallslega fækkaði íbúum mest í Fljótsdalshreppi. Í níu stærstu sveitarfélögum með 5.000 íbúa eða fleiri fækkaði aðeins í Reykjanesbæ.

**Þróun síðustu fimm ára**

Þegar litið er til íbúaþróunar síðustu fimm ára var mest árleg fjölgun í stærstu sveitarfélögum, en þar á eftir í sveitarfélögum með 1.000–1.999 íbúa. Árleg fækku var í öllum sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa, þó einna mest í minnstu sveitarfélögum. Íbúum fækkaði í 14 minnstu sveitarfélögum að meðaltali um 4,1% á ári frá 1. janúar 2006 til 1. janúar 2011, eða alls um 368 íbúa. Ef Fljótsdalshreppur er ekki talinn með — en þar var íbúaþróun nokkuð sérstök á tímabilinu — varð fækkuin í minnstu sveitarfélögum 0,9% að meðaltali á ári.

**Tafla 1. Íbúaþróun 2006–2011 eftir stærð sveitarfélaga**  
*Table 1. Population change 2006–2011 by size of groups of municipalities*

Íbúafjöldi <i>Population size</i>	Fjöldi <i>Number</i>		Hlutfall <i>Percent</i>	
	Sveitarfélög þar <i>Number with</i>	Mannfjöldi <i>Population</i>		
	Öll sem fjölgæði 2010 <i>All municipalities</i>	1. janúar 2011 <i>1 January 2011</i>		
<b>Alls Total</b>	<b>76</b>	<b>31</b>	<b>318.452</b>	<b>0,3</b>
5.000+	9	8	241.502	0,7
2.000–4.999	13	3	42.531	-1,0
1.000–1.999	11	5	16.405	-0,9
500–999	17	5	12.131	-1,7
200–499	12	5	4.298	-1,5
<200	14	5	1.585	-2,1
				-4,09

### Íbúaþróun í þéttbýli og strjálbýli

Rúmlega 63% mannfjöldans bjó í Reykjavíkurþéttbýlinu hinn 1. janúar 2011, þ.e. samfelldri byggð frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar, eða 201.294. Í strjálbýli búa 16.475 einstaklingar, eða 5,2% mannfjöldans. Minnstu byggðakjarnarnir með innan við 200 íbúa eru alls 32, en þar býr aðeins 1,2% mannfjöldans.

Frá árinu 2006 hefur íbúum í fámennari byggðakjörnum og strjálbýli fækkað árlega um 1,1%. Hinn 1. janúar 2006 bjuggu 7,2% landsmanna í strjálbýli og byggðarlögum með færri en 200 íbúa. Hinn 1. janúar 2011 bjuggu hins vegar 6,4% íbúa landsins í slíkum byggðarlögum.

**Tafla 2. Mannfjöldi og kynjahlutfall í þéttbýlisstöðum eftir stærð 1. jan. 2011**  
*Table 2. Population and sex ratio by size groups of localities 1 January 2011*

	Fjöldi staða <i>Number of</i> <i>localities</i>	Mann- fjöldi alls <i>Total</i> <i>population</i>	Hlutfall Percent	Karlar á hverjar 1.000 konur <i>Sex ratio</i>
<b>Allt landið Total</b>	•	<b>318.452</b>	<b>100,0</b>	<b>1.010</b>
Staðir með 200 íbúa og fleiri	59	298.125	93,6	1.002
Íbúar 100.000 og fleiri	1	201.294	63,2	987
Íbúar 10.000–99.999	2	31.352	9,8	1.005
Íbúar 5.000–9.999	2	13.135	4,1	1.037
Íbúar 2.000–4.999	7	19.044	6,0	1.030
Íbúar 1.000–1.999	13	17.499	5,5	1.085
Íbúar 500–999	22	12.785	4,0	1.051
Íbúar 200–499	12	3.016	0,9	1.013
Fámennari staðir og strjálbýli	•	20.327	6,4	1.130
Íbúar 100–199	21	3.065	1,0	1.078
Íbúar 50–99	11	787	0,2	1.034
Strjálbýli	•	16.475	5,2	1.145

*Konur frekar í þéttbýli*

Kynjahlutföll fara mjög eftir þéttbýlisstigi. Þannig eru 987 karlar á hverjar 1.000 konur í Reykjavíkurþéttbýlinu. Þetta hlutfall breytist körlum í vil eftir því sem

þéttbýlið verður fámennara. Ójfnast er kynjahlutfallið í strjálbýli, en þar voru 1.145 karlar á móti 1.000 konum hinn 1. janúar 2011.

#### *Byggðakjarnar*

Byggðakjarnar með 50 íbúum eða fleirum voru 98 hinn 1. janúar 2011. Einn nýr byggðakjarni náði að komast yfir 50 íbúa markið, Brautarholt á Skeiðum. Alls fjölgæði í 31 byggðakjarna umfram meðalfjölgun síðustu fimm ára, en fækkaði eða stóð í stað í 50 byggðakjörnum. Fjölgun var í 17 byggðakjörnum til viðbótar, en undir landsmeðaltali.

Á síðastliðnum fimm árum var vöxturinn örastur í byggðakjörnunum Borg í Grímsnesi, Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit og Reykholti í Biskupstungum, en þar fjölgæði íbúum um meira en 6% á ári. Af stærri byggðarlögum uxu Keflavíkur- og Njarðvíkurbyggðin (4,3%) og Mosfellsbær (3,9%) hvað hraðast undanfarin fimm ár. Hlutfallslega mest fækkun var á Flateyri, Bíldudal, Laugarbakka, Bakkafirði og í Nesjakauptúni, en þar fækkaði fólk um meira en 5% að jafnaði á ári síðastliðin fimm ár.

#### **Mynd 1. Íbúaþróun eftir byggðakjörnum, árleg breyting 2006–2011**

*Figure 1 Annual average population change by urban nuclei 2006–2011*



**Skýringar Notes:** Stærð hringja vísar til mannfjölda í byggðakjörnum. Litir hringja: Rauður = fækkun; gulur = fjölgun undir landsmeðaltali; grann = fjölgun yfir landsmeðaltali. Size of circles shows the population size of urban nuclei. Colour of circles: Red = negative; yellow = positive, below national average; green = positive, above national average.

#### *Fækkun í flestum byggðakjörnum á árinu 2010*

Á árinu 2010 fækkaði í 57 byggðakjörnum og í öðrum tveimur var minni fjölgun en sem nam meðalfjölgun á landinu. Í 39 byggðakjörnum fjölgæði íbúum.

Mest fækkaði í smærri byggðakjörnum. Meðalíbúatala þeirra byggðakjarna þar sem fækkaði eða fjölgun var undir landsmeðaltali var 1.015 íbúar. Meðalíbúatala hinna var 6.083 (3.136 að Reykjavík frátalinni).


## Mannfjöldi eftir kyni

### Kynjahlutfall jafnast

Á undanförnum fimm árum hefur kynjahlutfall í landinu raskast mikið. Röskuninni olli gríðarlegur aðflutningur karla til landsins á árunum 2004–2008. Reyndar skekktust allar búferlaflutningatölur á þessu árabili, enda voru karlar þá einnig í miklum meirihluta þeirra sem fluttust af landi brott á árabilinu 2006 og síðar. Hlutfallslega urðu konur fæstar 1. janúar 2008 en þá var 1.041 karl á móti hverjum 1.000 konum. Hinn 1. janúar 2011 hafði þetta hlutfall jafnast mjög og var þá 1.010 karlar á hverjar 1.000 konur.

### Mynd 2. Fjöldi karla á hverjar 1.000 konur 1998–2011

Figure 2. Number of males per 1,000 females 1998–2011



## Mannfjöldi eftir aldrí


Aldursflokkarnir frá nýfæddum til 54 ára voru svipaðir að stærð hinn 1. janúar 2011 með 21–24 þúsund í hverjum fimm ára aldurshópi. Frá 55 ára fækkar hins vegar ört í árgöngum. Alls voru 39 einstaklingar 100 ára eða eldri, þar af 32 konur. Fjölmennasti aldurshópurinn er fólk á aldrinum 0–4 ára, þá 20–24 ára og loks 15–19 ára.

### Mannfjöldapýramíðinn

Þegar eingöngu er litið á aldursdreifingu innlendra má sjá að lögun hins svokallaða mannfjöldapýramíða minnir ekki nema að litlu leyti á pýramíða (mynd 3). Lögunin ræðst einkum af bylgju fæðinga fyrr á árum. Á sjötta og fram á sjöunda áratug voru fæðingarárgangar mjög stórir. Mjög dró úr fæðingum fram undir lok níunda áratugarins. Fjölmennir aldurshópar 0–4 ára endurspeglar aukna fæðingartíðni á síðustu fimm árum. Þessu til viðbótar eru aldurshóparnir 20–39 ára einnig þeir hópar sem helst flytjast búferlum til útlanda.

Innflytjendur eru flestir á aldrinum 20–39 ára. Með nokkrum rétti má því segja að þeir fylli upp í það skarð sem hlutfallslega fámennari íslenskir aldurshópar hafa skilið eftir sig.


**Mynd 3. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og bakgrunni 1. janúar 2011**  
*Figure 3. Population by sex, age and background 1 January 2011*



*Tvö meginmynstur í aldursdreifingunni*

Þegar aldursdreifingin er skoðuð eftir landsvæðum koma í ljós tvö meginmynstur, annars vegar suðvesturhornið og hins vegar landsbyggðin. Á suðvesturhorni landsins, á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, er dreifing aldurshópa jafnari en á öðrum landsvæðum. Á höfuðborgarsvæðinu eru aldurshóparnir 20–39 ára hlutfallslega fjölmennastir, en aldurshóparnir 0–19 ára á Suðurnesjum. Hins vegar eru aldurshóparnir 20–39 ára hlutfallslega fámennastir utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Ungt fólk á aldrinum 10–19 ára eru fjölmennasti aldurshópurinn en aldurshópurinn 0–9 ára er talsvert fámennari en meðal þjóðarinnar í heild (mynd 4). Sérstaklega er þetta þó áberandi á Vestfjörðum og Austurlandi, en þar verða innflytjendur og börn þeirra þó að einhverju leyti til að bæta upp fámenni í þessum aldurshópum.

**Mynd 4. Mannfjöldi eftir kyni, aldri, uppruna og landsvæði 1. janúar 2011**  
*Figure 4. Population by sex, age, background and region 1 January 2011*



Á undanförnum árum og áratugum hefur aldurssamsetning landsmanna breyst mikið. Ungu fólk hefur fækkað hlutfallslega en eldra fólk fjölgað. Í ársbyrjun 2011 var fólk á vinnufærum aldri, þ.e. 20-64 ára, 59,5% en var 59,6% 1. janúar 2010. Á síðastliðnum fimm árum hefur fólk í aldrinum 0-19 ára fækkað úr 29,2% af þjóðinni í 28,2% en fólk sem er eldra en 64 ára fjölgað úr 11,7% í 12,3%.

#### Framfærsluhlutfall


Framfærsluhlutfall barna og ungs fólks undir tvítugu var misjafnt eftir landsvæðum (mynd 5). Í ársbyrjun 2011 var það lægst á höfuðborgarsvæðinu, 46 af hverjum 100

á vinnualdri. Þetta hlutfall var hæst á Suðurnesjum þar sem það var 53 af hverjum 100 á vinnualdri. Á öðrum landsvæðum var framfærsluhlutfall ungmenna á bilinu 48 til 51 af hundraði. Á landinu öllu var hlutfallið 47 af hundraði.

Framfærsluhlutfall þeirra sem eldri eru var aftur á móti hæst á Norðurlandi vestra, þar sem það var 28 af hundraði á vinnufærum aldri. Langlægst var þetta hlutfall á Suðurnesjum eða 16 af hverjum 100 og á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 20 af hverjum 100. Á öðrum landsvæðum var hlutfallið milli 22 og 25 af hundraði vinnufærra íbúa. Á landinu öllu var hlutfallið 21 af hundraði.

### **Mynd 5. Framfærsluhlutfall eftir landsvæðum 1. janúar 2011**

*Figure 5. Dependency ratios by regions 1 January 2011*



### **Erlendur bakgrunnur**

#### *Innflytjendur*

Hinn 1. janúar 2011 voru 25.693 innflytjendur á Íslandi eða 8,1% mannfjöldans. Konur eru í meirihluta meðal innflytjenda, sem er nokkur breyting frá undanförnum árum, en karlar hafa verið fleiri meðal innflytjenda allt frá árinu 2006.

#### *Önnur kynslóð innflytjenda*

Svokölluð önnur kynslóð innflytjenda, þ.e. börn innflytjenda sem fædd eru hér á landi, voru 2.582 talsins hinn 1. janúar 2011 og hafði þá fjölgað um 14,6% frá árinu áður.

Hinn 1. janúar höfðu auk þess 13.955 einstaklingar, eða 4,4% mannfjöldans, eitt erlent foreldri. Á árinu 2010 fjölgaði í þessum hópi um 2,6%. Alls voru því 42.230 einstaklingar búsettir á Íslandi 1. janúar 2011 þar sem annað foreldri eða báðir foreldrar voru erlendir. Það eru 13,3% mannfjöldans.

#### *Pólverjar fjölmennastir*


Pólverjar voru langfjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi 1. janúar 2011. Alls eru 9.463 einstaklingar fæddir í Póllandi eða 36,8% allra innflytjenda. Næstfjölmennasti hópur innflytjenda fæddist í Litháen, 5,7% en 5,2% innflytjenda fæddust á Filippseyjum.

Þó að konur séu fleiri en karlar meðal innflytjenda er kynjahlutfallið mjög misjafnt eftir upprunalandi. Þannig eru 1.183 karlar á hverjar 1.000 konur meðal pólskra

innflytjenda og 1.144 karlar á 1.000 konur frá Litháen. En meðal innflytjenda frá Filippseyjum eru hins vegar 488 karlar á hverjar 1.000 konur.

### Mynd 6. Mannfjöldinn eftir erlendum bakgrunni 1. janúar 2011

Figure 6. Population by foreign background 1 January 2011



### Búferlaflutningar

Árið 2010 fluttust 2.134 fleiri frá landinu en til þess. Dró úr brottflutningi á árinu miðað við árið áður, þegar 4.835 fluttu úr landi umfram aðflutta. Alls fluttu 7.759 frá landinu samanborið við 10.612 á árinu 2009. Hins vegar fluttust 5.625 manns til Íslands árið 2010, sem er svipaður fjöldi og árið 2009 þegar 5.777 manns fluttust til landsins.

#### Flestir til Noregs

Flestir þeirra sem fluttu af landi brott fóru til Noregs, alls 1.539 einstaklingar, en brottfluttilir til Póllands voru nokkuð færri. Til þessara landa fluttu jafnframt flestir umfram aðflutta. Til Danmerkur fluttu alls 1.145, en þaðan fluttu líka 1.143 til Íslands á árinu.

#### Fleiri íslenskir ríkisborgarar

Íslenskir ríkisborgarar voru fleiri en erlendir í hópi brottfluttra, eða 4.340 á móti 3.419. Hins vegar voru erlendir ríkisborgarar fleiri meðal aðfluttra en íslenskir, 2.988 á móti 2.637. Alls fluttu því 1.703 íslenskir ríkisborgarar úr landi umfram brottflutta, en 431 erlendir ríkisborgari.

Íslenskir ríkisborgarar flytja einkum til og frá Norðurlöndunum, en Pólland er helsta viðtoku- og upprunaland annarra.

#### Aðfluttilir yngri en brottfluttilir

Árið 2010 voru flestir brottfluttra á aldrinum 25–29 ára, flestir þó 24 ára af einstaka árgöngum. Fjölmennasti hópur aðfluttra var á aldrinum 20–24 ára. Tíðasti aldur aðfluttra einstaklinga var 22 ár. Þegar tekið er tillit til fjölda brottfluttra umfram aðflutta var mest fækkan vegna fólksflutninga frá landinu í aldursþópnum 30–34 ára.

#### Straumurinn suður

Innanlandsflutningar voru álíka margir árið 2010 og árið áður. Höfuðborgarsvæðið tapaði flestum einstaklingum vegna brottflutninga umfram aðflutninga eða 594 manns. Það tap helgast aðallega af miklum flutningum frá höfuðborgarsvæðinu til

útlenda en þangað fluttu 1.234 umfram aðflutta frá höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti fékk höfuðborgarsvæðið 640 einstaklinga umfram brottflutta í innanlandsflutningum frá öðrum landsvæðum. Á öllum öðrum landsvæðum voru brottfluttir fleiri en aðfluttir, hvort sem litið er til innanlands- eða millilandaflutninga.

**Tafla 3. Búferlaflutningar eftir landsvæðum 2010**  
*Table 3. Internal and external migration by regions 2010*

	Aðflutir umfram brottflutta alls <i>Net migration, total</i>	Innanlands <i>Net internal migration</i>	Milli landa <i>Net external migration</i>
<b>Alls Total</b>	<b>-2.134</b>	—	<b>-2.134</b>
Höfuðborgarsvæðið <i>Capital region</i>	-594	640	-1.234
Suðurnes <i>Southwest</i>	-508	-162	-346
Vesturland <i>West</i>	-109	-60	-49
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	-265	-162	-103
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	-51	-41	-10
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	-148	-33	-115
Austurland <i>East</i>	-235	-100	-135
Suðurland <i>South</i>	-224	-82	-142

### Fæðingar og frjósemi


Árið 2010 fæddust 2.523 drengir og 2.384 stúlkur á Íslandi, eða 4.907 alls. Í þessum tölum eru taldar 37 fæðingar erlendis þar sem móðirin átti lögheimili á Íslandi. Aðeins hafa tvísvar áður komið fleiri börn í heiminn á Íslandi, þ.e. árið 2009 þegar 5.026 börn fæddust og árið 1960 þegar 4.916 börn fæddust.

#### Hækkandi aldur mæðra

Meðalaldur mæðra hefur hækkað jafnt og þétt síðustu áratugi og konur eignast sitt fyrsta barn síðar á ævinni en áður var. Frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur frumþyrja undir 22 árum en eftir miðjan níunda áratuginn hefur meðalaldur frumþyrja hækkað og var 26,6 ár að meðaltali 2006–2010.

**Mynd 7. Meðalaldur mæðra 1961–2010**

*Figure 7. Mean age of mothers 1961–2010*



### *Frjósemi yfir meðallagi*

Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Árið 2010 var frjósemi íslenskra kvenna örlítið lægri en árið 2009, eða 2,197 börn á ævi hverrar konu en 2,221 barn ári fyrr. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjölda til lengri tíma litið miðað við jafnvægi í millilandaflutningum og óbreyttu dánartíðni. Undanfarin ár hefur frjósemi á Íslandi verið rétt um tvö börn á ævi hverrar konu. Frjósemin er nú ekki nema um helmingur frjóseminnar í kringum 1960, en þá gat hver kona vænst þess að eignast rúmlega fjögur börn á ævi sinni.

### **Dánir og ævilíkur**

Alls léust 2.017 manns á árinu 2010, 1.063 karlar en 954 konur. 11 börn léust á fyrsta ári, þar af sex á fyrstu fjörum víkum ævinnar. Heildardánartíðni var 6,3 dánir á hverja 1.000 íbúa. Hjá körlum var dánartíðnin 6,7 á hverja 1.000 íbúa, en 6,0 hjá konum.

### *Meðalævin lengist*

Meðalævilengd karla árið 2010 var 79,5 ár. Hún var 79,7 ár árið 2009. Árið 2010 var meðalævilengd kvenna 83,5 ár samanborið við 83,3 ár 2009.


Meðalævilengd hefur vaxið jafnt og þétt hjá báðum kynjum undanfarna öld. Vöxturinn stóð reyndar í stað hjá körlum á árabilinu 1951–1970, en aftur hefur dregið saman með kynjunum síðan þá. Heldur hefur dregið úr vexti meðalævilengdar eftir miðja 20. öld, en hún jókst mjög hratt frá lokum 19. aldar.

### *Alþjóðlegt samhengi*

Lífslíkur íslenskra karla hafa batnað mjög á undanförnum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir bætt við sig rúmlega tveimur árum í meðalævilengd. Þeir geta nú vænst þess að lífa lengst allra karla í Evrópu. Meðalævi íslenskra kvenna hefur hins vegar lengst hægar en karla. Þær eru nú í fimmtra sæti þegar meðalævilengd evrópskra kvenna er borin saman, en þar eru franskar konur í efsta sæti og geta orðið næri ári eldri en þær íslensku.

**Mynd 8. Meðalævilengd eftir kyni 1841–2010**

*Figure 8. Life expectancy at birth by sex 1841–2010*



## Kjarnafjölskyldur

Hinn 1. janúar 2011 voru alls 77.370 kjarnafjölskyldur á landinu og hafði fjölgæð lítillega frá árinu áður. Barnafjölskyldum fækkaði hins vegar um 310, en barnlausum hjónaböndum og sambúð fjölgæði um 453. Einhleypum fjölgæði um 710 frá því ári áður.

**Tafla 4. Einhleypir og kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð 2001–2011**  
*Table 4. Single persons and nuclear families by family type 2001–2011*

	2001	2006	2010	2011
<b>Alls Total</b>	<b>146.015</b>	<b>158.992</b>	<b>172.526</b>	<b>173.379</b>
Einhleypir <i>Single persons</i>	76.061	85.327	95.299	96.009
Kjarnafjölskyldur alls <i>Nuclear families, total</i>	69.954	73.665	77.227	77.370
<b>Hjónabönd og staðfest samvist <i>Marriages</i></b>				
Gagnstætt kyn án barna <i>Hetero sex without children</i>	23.477	25.368	27.943	28.366
Gagnstætt kyn með börnum <i>Hetero sex with children</i>	23.835	23.814	23.808	23.432
Sama kyn án barna <i>Same sex without children</i>	43	73	110	116
Sama kyn með börnum <i>Same sex with children</i>	4	18	31	31
<b>Óvígð sambúð <i>Cohabitation</i></b>				
Gagnstætt kyn án barna <i>Hetero sex without children</i>	2.960	3.153	3.002	3.025
Gagnstætt kyn með börnum <i>Hetero sex with children</i>	8.871	9.035	9.460	9.613
Sama kyn án barna <i>Same sex without children</i>	•	•	55	56
Sama kyn með börnum <i>Same sex with children</i>	•	•	13	17
Einstæðir feður <i>Single fathers</i>	839	961	1.102	1.139
Einstæðar mæður <i>Single mothers</i>	9.925	11.243	11.703	11.575

## Hugtök og aðferðir

*Flutningsjöfnuður* Flutningsjöfnuður er mismunur aðfluttra og brottfluttra á tilteknu svæði á einu ári. Jákvaður flutningsjöfnuður er þegar aðfluttir eru fleiri en brottfluttir.

*Náttúrleg fjölgun* Með náttúrlegri fjölgun er átt við fjölda fæddra umfram dána á tilteknu svæði á einu ári. Þegar dánir eru fleiri en fæddir er náttúrleg fjölgun neikvæð og er þá talað um náttúrlega fækkun.

*Kjarnafjölskylda* Kjarnafjölskyldur teljast vera hjón eða sambúðarfólk með eða án barna undir 18 ára, eða einstædir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Ein-staklingar 18 ára og eldri sem hafa ekki gengið í sambúð eða hjónaband eða hafa barn á sínu framfæri teljast einhleypir, jafnvel þótt þeir dveljast enn hjá foreldrum sínum.

*Mannfjöldinn* Til mannfjöldans 1. janúar ár hvert teljast allir þeir sem hafa lögheimili sitt í tilteknu sveitarfélagi í upphafi árs. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika (1. gr. laga nr. 21/1990). Hverjum þeim sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur ber að skrá lögheimili sitt á Íslandi. Dveljist hann eða ætlar að dvelja vegna atvinnu eða náms í þrjá mánuði eða lengur má hann þó eiga lögheimili hér (2. gr. s.l.).

